

Ár 2008, fimmtudaginn 16. október, var í Áfrýjunardómstóli ÍSÍ uppkveðinn dómur í málinu nr. 7/2008:

Suphit Donkanha
gegn
framkvæmdastjórn ÍSÍ

Málið dæma Jón G. Zoëga, Helgi I. Jónsson og Snorri Olsen.

Áfrýjað er dómi Dómstóls ÍSÍ uppkveðnum 5. september 2008.

Áfrýjandi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði ógiltur og málinu vísað að nýju til Dómstóls ÍSÍ til efnislegrar meðferðar.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Í kæru til Dómstóls ÍSÍ er forseti ÍSÍ, Ólafur Eðvarð Rafnsson, kærður f.h. framkvæmdastjórnar ÍSÍ vegna brota á lögum sambandsins þar sem stjórnin hafi ekki brugðist við „þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um brot forystumanna sem og dómara golf- og íþróttasambandsins á lögum er varða lögfullan rétt kæranda. Brotin urðu þess valdandi að kærandi varð af þeim heiðri og verðlaunum sem hann sannanlega réttilega vann til í keppni hjá Nesklúbbnum (NK) þann 21. maí 1998. Með aðgerðarleysi sínu hefur stjórnin gerst meðsek er forystumenn og dómarar Golf- og Íþróttasambandsins brjóta lög og reglur, er þeir hafa falsa, rangtúlka og rangfæra staðreyndir, lög og reglur, sýna valdnýðslu, fremja mannréttindabrot og ofbeldi. Með því að bregðast ekki við ábendingum um framangreind brot er stjórn ÍSÍ þáttakandi í ofbeldinu og fyrir það er hún kærð.“ [...] Þess er krafist að „Stjórn ÍSÍ hljóti áminningu fyrir að bregðast ekki við sannanlegum brotum forystumanna og dómara dómstóla íþróttahreyfingarinnar er þeir brjóta lög og reglur, falsa, rangtúlka staðreyndir, lög og reglur, sýna af sér valdnýðslu, fremja mannréttindabrot og ofbeldi gegn kæranda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að forystumenn innan íþróttahreyfingarinnar fái dóm fyrir brot á lögum og reglum, brotum sem sviftu kæranda lögfullum rétti til heiðurs og verðlauna í íþróttakeppni.

Einnig er þess krafist að stjórnin beiti sér fyrir því að lögfullur réttur kæranda til heiðurs og verðlauna sem hann vann til verði virtur og hann beðinn afsökunar á þeim brotum sem íþróttaforystunni hefur orðið á í máli hans.

Til vara, að framkvæmdastjórn ÍSÍ sjái til þess að málið verði sent til R/A til úrskurðar á grundvelli gerða/brota formanns mótsnefndarinnar á golfreglum 6.6.c og 33.5. í keppninni hjá NK þann 21. maí 1998. Þegar úrskurður R & A liggur fyrir verði þeir sem að tafið hafa lausn málsins með lögbrotum verði látnir sæta ábyrgð vegna gerða sinna, með dómi að lágmarki, vítur.“

Um kærueheimild vísar áfrýjandi til gr. 35.4, stafliðar a, gr. 4.1, stafliða f., i. og k, gr. 4.1, gr. 18.1, stafliðar e, og gr. 20.1 laga ÍSÍ.

Í ofangreindum lagaákvæðum er hvergi að finna stoð fyrir kröfugerð þeirri sem höfð er uppi í máli þessu af hálfu áfrýjanda. Ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu sjálfkrafa frá Dómstóli ÍSÍ.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Dómstóli ÍSÍ.

Jón G. Zoëga

Helgi I. Jónsson

Snorri Olsen